

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Þinggerð
54. Fjórðungsping Vestfirðinga
haldið á Ísafirði 4. og 5. september 2009

Fjórðungssamband Vestfirðinga
Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði
www.fjorðungssamband.is

YFIRLIT YFIR FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA:

<i>Nr.</i>	<i>Ár</i>	<i>Þingstaður</i>	<i>Þingdagar:</i>
1.	1949	Ísafjörður	8. og 9. nóvember
2.	1950	Hólmavík	13. og 14. september
3.	1951	Bjarkalundur	8. og 9. september
4.	1952	Bjarkalundur	10. og 11. september
5.	1953	Bjarkalundur	5. og 6. september
6.	1955	Bjarkalundur	10. og 11. september
7.	1957	Bjarkalundur	31. ágúst og 1. september
8.	1959	Ísafjörður	5. og 6. september
9.	1961	Bjarkalundur	2. og 3. september
10.	1963	Bjarkalundur	31. ágúst og 1. september
11.	1965	Hrafnseyri	28. og 29. ágúst
12.	1967	Hrafnseyri	2. og 3. september
13.	1969	Ísafjörður	6. og 7. september
14.	1970	Bjarkalundur	18. og 19. júlí
15.	1970	Ísafjörður	12. september
16.	1971	Ísafjörður	4. og 5. september
17.	1972	Patreksfjörður	2. og 3. september
18.	1973	Núpur í Dýrafirði	7. og 8. september
19.	1974	Bolungarvík	23. og 24. ágúst
20.	1975	Laugarhóll í Bjarnafirði	13. og 14. september
21.	1976	Reykjanes	11. og 12. september
22.	1977	Ísafjörður	26. og 27. ágúst
23.	1978	Króksfjarðarnes	2. og 3. september
24.	1979	Patreksfjörður	18. og 19. ágúst
25.	1980	Bolungarvík	16. og 17. ágúst
26.	1981	Laugarhóll í Bjarnafirði	29. og 30. ágúst
27.	1982	Suðureyri	4. og 5. september
28.	1983	Reykjanes	27. og 28. ágúst
29.	1984	Ísafjörður	8. og 9. september

30.	1985	Reykhlólar	30. og 31. ágúst
31.	1986	Ísafjörður	22. og 23. ágúst
32.	1987	Reykjanes	4. og 5. september
33.	1988	Ísafjörður	23. og 24. september
34.	1989	Ísafjörður	28. og 29. apríl
35.	1990	Ísafjörður	31. ágúst og 1. september
36.	1991	Ísafjörður	31. maí og 1. júní
37.	1992	Ísafjörður	8. og 9. maí
38.	1993	Birkimelur	3. og 4. september
39.	1994	Ísafjörður	19. og 20. ágúst
40.	1995	Ísafjörður	31. mars og 1. apríl
41.	1996	Ísafjörður	25. og 26. apríl
42.	1997	Ísafjörður	29. og 30. ágúst
43.	1998	Ísafjörður	26. og 27. september
44.	1999	Tálknafjörður	8. og 9. október
45.	2000	Súðavík	22.-24. september
46.	2001	Reykhlólar	24. og 25. ágúst
47.	2002	Bolungarvík	30. og 31. ágúst
48.	2003	Reykjanes	5. og 6. september
49.	2004	Ísafjörður	3. og 4. september
50.	2005	Patreksfjörður	2. og 3. september
51.	2006	Súðavík	1. og 2. september
52.	2007	Tálknafjörður	7. og 8. september
53.	2008	Reykhlólar	5. og 6. september

- *Aukaþing um orkumál var haldið að Núpi í Dýrafirði þann 14. júní 1975.*
- *Málþing Fjórðungssambandsins var haldið þann 25. október 1996*
- *Aukaþing um samgöngumál haldið á Ísafirði 26. október 2001*

Þingfulltrúar, starfsmenn og gestir 54. Fjórðungsþings Vestfirðinga

Þingfulltrúar:

Anna G. Edvardsdóttir	Formaður stjórnar FV
Ari Hafliðason	Stjórn FV
Arna Lára Jónsdóttir	Ísafjarðarbær
Arnheiður Jónsdóttir	Vesturbyggð
Baldur Smári Einarsson	Bolungarvíkurkaupstaður
Birna Benediktsdóttir	Tálknafjarðarhreppur
Birna Lárusdóttir	Varaformaður stjórn FV
Bragi G. Gunnarsson	Tálknafjarðarhreppur
Egill Sigurgeirsson	Reykhólahreppur
Gísli Halldór Halldórsson	Ísafjarðarbær
Guðbrandur Sverrisson	Kaldrananeshreppur
Guðni Ólafsson	Tálknafjarðarhreppur
Guðný Stefanía Stefánsdóttir	Ísafjarðarbær
Gunnar Hallsson	Bolungarvíkurkaupstaður
Gústaf Jökull Ólafsson	Reykhólahreppur
Halldór Halldórsson	Ísafjarðarbær
Haraldur Ingólfsson	Kaldrananeshreppur
Jenný Jensdóttir	Kaldrananeshreppur
Jóhann Hannibalsson	Bolungarvíkurkaupstaður
Jóna Benediktsdóttir	Ísafjarðarbær
Magnús Reynir Guðmundsson	Ísafjarðarbær
Nanna Jónsdóttir	Vesturbyggð
Oddný S. Þórðardóttir	Árneshreppur
Ómar Már Jónsson	Súðavíkurhreppur
Óskar Torfason	Kaldrananeshreppur
Ragna J. Magnúsdóttir	Bolungarvíkurkaupstaður
Sigurður Kjartansson	Bæjarhreppur
Sigurður Pétursson	Stjórn FV
Soffía Vagnsdóttir	Bolungarvíkurkaupstaður
Sunna Einarsdóttir	Kaldrananeshreppur
Svanlaug Guðnadóttir	Ísafjarðarbær
Sveinn Ragnarsson	Reykhólahreppur
Úlfar B. Thoroddsen	Vesturbyggð
Valdemar Guðmundsson	Stjórn FV
Valgeir Rúnar Hauksson	Súðavíkurhreppur

Gestir og starfsmenn á Fjórðungsþingi

Aðalsteinn Óskarsson	Framkvæmdastjóri FV
Albertína F Elíasdóttir	Starfsmaður FV
Anna Margrét Guðjónsdóttir	verkefnastjóri, Samgönguráðuneyti
Ásdís Leifsdóttir	Sveitarstjóri Strandabyggðar
Áslaug S. Alfreðsdóttir	Formaður Vinnumarkaðsráðs Vestfjarða
Björgvin Bjarnason	Fyrrv. formaður FV
Claire M. O'Neill, PhD	Fyrirlesari frá Ítalíu
Dagur B. Eggertsson	Sóknaráætlun ríkisstjórnar, formaður
Einar Kristinn Guðfinnsson	Alþingismaður
Eiríkur Finnur Greipsson	Fyrrv. framkvæmdastjóri FV
Elín R. Líndal	Formaður SSNV
Elsa Arnardóttir	Framkvæmdastjóri Fjölmeningarseturs
Guðjón Arnar Kristjánsson	Verkefnastjóri, sjávarútvegsráðuneyti.
Guðmundur Steingrímsson	Alþingismaður
Gunnar Jóhannsson	Fyrrv. formaður FV
Hermann Sæmundsson	Samgönguráðuneyti
Hrefna B. Jónsdóttir	Framkvæmdastjóri SSV
Jóhannes Tómasson	Samgönguráðuneyti
Jón Jónsson	Meningarfulltrúi Vestfjarða
Jón Óskar Pétursson	Framkvæmdastjóri SSNV
Jón Páll Hreinsson	Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vestfjarða
Jónas Ólafsson	Fyrrv. formaður FV
Karl Björnsson	Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sv.félaga
Kristján Haraldsson	Orkubússtjóri OV
Kristján L. Möller	Samgönguráðherra
Kristinn H Gunnarsson	fyrrv. Alþingismaður
Lilja Rafney Magnúsdóttir	Alþingismaður
Lorraine Gray, Dr	Fyrirlesari frá Hjaltlandseyjum
Ólafur Kristjánsson	Fyrrv. formaður FV
Ólína Þorvarðardóttir	Alþingismaður
Páll Brynjarsson	Formaður SSV
Peter Weiss	Forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða
Ragnar Jörundsson	Bæjarstjóri Vesturbyggðar
Ragnhildur Hjaltadóttir	Ráðuneytisstjóri Samgönguráðuneytis
Skjöldur Pálmason	Formaður stjórnar atvest
Sigríður Ó Kristjánsdóttir	Nýsköpunarmiðstöð - Imprá, Ísafirði
Smári Haraldsson	Forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða
Sóley Guðmundsdóttir	Framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu fatlaðra Vestfj.
Þorgeir Pálsson	Framkvæmdastjóri atvest

Þinggerð 54. Fjórðungsping Vestfirðinga

Árið 2009 föstudaginn 4. september kl. 10.30 haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

1. Þingsetning

Anna Guðrún Edvardsdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna. Bar hún síðan upp tillögu að þingforseta og varaþingforseta.

Þingforseti var kosinn Gísli Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbæ, varaþingforseti var kosinn Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.

Tók þingforseti, Gísli Halldór Halldórsson við stjórn fundarins og bar upp tillögu að þingriturum.

Þingritarar voru kosnir, Oddný S. Þórðardóttir, Egill Sigurgeirsson, Jóna Benediktsdóttir og Sofía Vagnsdóttir.

Þá bar þingforseti upp tillögu að kjörbréfanefnd:
Gunnar Hallsson, formaður, Bolungarvíkurkaupstað
Sveinn Ragnarsson, Reykhólahreppi
Sunna Einarsdóttir, Kaldrananeshreppi
Tillagan samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti bar svo upp tillögu að formönnum nefnda samkvæmt þingsköpum Fjórðungspings Vestfirðinga:
Allsherjarnefnd, Úlfar B. Thoroddsen, Vesturbyggð
Fjórðungsmálanefnd, Svanlaug Guðnadóttir, Ísafjarðarbæ
Fjármálanefnd, Ómar Már Jónsson, Súðavíkurhreppi
Tillagan samþykkt með lófaklappi.

2. Skýrsla stjórnar

Þingforseti gaf nú orðið til Önnu Guðrúnar Edvardsdóttur, formanns stjórnar Fjórðungssambandsins Vestfirðinga sem flutti skýrslu stjórnar. Í skýrslunni fór formaður yfir störf stjórnar á árinu, auk þess að minnst stofnunar Fjórðungssambandsins fyrir sextíu árum. Þá fór hún yfir hvernig aðstæður hafa breyst frá fyrra ári vegna efnahagsástandsins í landinu. Þá greindi Anna Guðrún frá því að þema þingsins í þetta skiptið væri framtíð Vestfjarða, og að Fjórðungssamband Vestfirðinga væri lykilaðili í hagsmunagæslu og mótum framtíðarsýnar fyrir Vestfjarða.

Að lokum þakkaði Anna Guðrún framkvæmdastjóra og öðrum sem komu að starfsemi Fjórðungssambandsins á starfsárinu. . Vísast hér að öðru leyti til þingskjals nr 4.

Þingforseti gaf þá Aðalsteini Óskarssyni framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins orðið. Aðalsteinn gerði grein fyrir störfum sínum sem framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins á starfsárinu og fór yfir samstarf við félög, félagasamtök og stofnanir sem hefur verið í gangi frá síðasta Fjórðungspingi. Þá fjallaði Aðalsteinn um stefnumótunarvinnu fyrir Vestfirði, sem unnin hefur verið í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Aðalsteinn kom einnig inn á störf samgöngunefndar Fjórðungssambandsins, auk vinnu sem hefur verið í gangi vegna strandsvæðaskipulags fyrir Vestfirði. Að lokum þakkaði Aðalsteinn samstarfsfólki, stjórn og sveitarstjórnarmönnum fyrir samstarfið á liðnu starfsári. Vísast hér að öðru leyti til þingskjals nr 4.

3. Ársreikningur 2008, endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009 og fjárhagsáætlun 2010.

Aðalsteinn Óskarsson fór yfir ársreikning fyrir árið 2008 og álit endurskoðenda. Jafnframt gerði hann grein fyrir álitu skoðunarmanna. Aðalsteinn gerði þá grein fyrir endurskoðaðri fjárhagsáætlun og rekstraráætlun fyrir árið 2010. Aðalsteinn bar upp þá tillögu að þingskjali 3 sem inniheldur ársreikning 2008, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2009 og rekstraráætlun fyrir árið 2009 yrði vísað til fjármálanefndar. Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn bað um orðið. Þingforseti bar þá upp tillögu um að þingskjali 3 yrði vísað til fjármálanefndar, tillagan samþykkt samhljóða.

4. Framlagning þingmála

Mál lögð fram af stjórn Fjórðungssambandsins

Birna Lárusdóttir, stjórnarmaður í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lagði fram þingskjal nr. 5, mál lögð fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Birna greindi frá því að í ár þá legði stjórn Fjórðungssambandsins til annað form á ályktunum þingsins, þ.e. í staðinn fyrir að lagðar væru fram margar ályktanir í mörgum þingskjölum, þá væru þær nú nokkuð styttri og settar saman í eitt þingskjal. Fyrri hluta þingskjals 5 verði vísað til allsherjarnefndar og seinni hluta til fjórðungsmálanefndar.

Þingforseti lagði til að ályktun stjórnar yrði vísað til nefnda án frekari umræðu. Það var samþykkt samhljóða.

Mál lögð fram af þingfulltrúum

Þingskjal nr. 6 Um umsókn Íslands til Evrópusambandsins. Framsaga Arna Lára Jónsdóttir. Vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 7 Um Strandveiðar. Framsaga Magnús Reynir Guðmundsson. Vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 8 Um flug til Austur-Grænlands. Framsaga Sigurður Pétursson. Vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Einnig tóku til máls Soffía Vagnsdóttir, sem lagði til að fjallað verði um sameiningarmál sveitarfélaga á Vestfirðum, Úlfar B. Thoroddsen, sem ræddi um mikilvægi þess að taka upp flugtengingu milli Ísafjarðar og Vesturbyggðar, Einar Kristinn Guðfinnsson, sem ræddi um samgöngumál í Vestur- og Austur-Barðastrandasýslu og Ólína Þorvarðardóttir sem fjallaði um samgöngumál og mikilvægi þess að íbúar hafi sameiginlega sýn á framtíðina.

Þingforseti lagði til að framlögð þingmál yrði vísað til nefnda án frekari umræðu, það var samþykkt einróma.

Þingforseti gerði matarhlé kl. 12.12.

Fundur hófst aftur kl. 13.30 með tónlistaratriði í tilefni af 60 ára afmæli Fjórðungssambandsins. Þær Dagný Hermannsdóttir og Svanhildur Garðarsdóttir sungu við undirleik Samúels Einarssonar.

5. Ávörp

- a. Kristján L. Möller, samgönguráðherra.
- b. Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Eftir ávörp var opnað fyrir fyrirspurnir úr sal. Eftirtaldir tóku til máls:

Magnús Reynir Guðmundsson, Ragnar Jörundsson, Guðbrandur Sverrisson, Birna Lárusdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson, Úlfar B. Thoroddsen, Þorgeir Pálsson, Soffía Vagnsdóttir og Ómar Már Jónsson

6. Að móta framtíðarsýn fyrir landssvæði

Þingforseti skýrði frá því að þau erindi sem nú yrðu flutt væru í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða og væru þau hluti af málstofu Háskólaseturs um skipulag og stjórnun strandsvæða (Coastal Zone Management and Spatial Marine Planning) sem haldin væri 3. og 4. september

Erindi fluttu:

Dr. Lorraine Gray verkefnastjóri NAFC Marine Centre, Hjaltlandseyjum fjallaði um strandsvæðaskipulag á Hjaltlandseyjum.

Claire M. O'Neill, PhD, frá La Spezia, Ítalíu fjallaði um hvernig móta má nýja framtíðarsýn fyrir landsvæði, út frá þróun *Cinque Terre* héraðsins á Ítalíu.

Þingforseti gerði nú kaffihlé.

Eftir að þingstörf hófust aftur eftir kaffihlé gaf þingforseti orðið laust og þá komu Sigríður Ólafsdóttir, Háskólasetri Vestfjarða og Ingimundur Stefánsson, Skipulagsstofnun og fluttu stutta samantekt um strandsvæðaskipulag og fleira. Fyrirspurnir til fyrirlesara komu frá Önnu Karlsdóttur, Gísla Halldóri Halldórssyni og Birnu Lárusdóttur, auk þess sem erlendir nemendur í Haf- og strandsvæðastjórnunarnámi Háskólaseturs Vestfjarða spurðu spurninga.

Fundi var frestað kl. 17.00 og hófust þá nefndastörf. Hátíðarkvöldverður var haldinn kl. 19.30 á Hótel Ísafirði.

Laugardagur 5. September

Þingforseti Arna Lára Jónsdóttir setti þingið að nýju kl. 10.00.

1. Vestfirðir – landshluti í sókn

- a. Sóknaráætlun ríkisstjórnar. Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi og formaður stýrihóps verkefnisins um sóknaráætlun fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar kynnti vinnu við gerð sóknaráætlunar fyrir Ísland.
- b. Sóknaráætlun landshluta. Þorgeir Pálsson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjóruþingssambands Vestfirðinga kynntu vinnu sem er að baki sérstakar sóknaráætlun fyrir Vestfirði.
- c. Ferðaþjónusta í sókn. Jón Páll Hreinsson, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða kynnti helstu verkefni Markaðsstofu Vestfjarða og stöðu ferðaþjónustunnar á Vestfirðum.

- d. Menning í sókn. Jón Jónsson, menningarfulltrúi Vestfjarða kynnti helstu verkefni Menningarráðs Vestfjarða á starfsárinu og stöðu menningar á Vestfjörðum.

Eftir að erindi höfðu verið flutt opnaði þingforseti á fyrirspurnir úr sal. Til máls tóku:

Ómar Már Jónsson, Elsa Arnardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Sigurður Pétursson Shiran Þórisson, Soffía Vagnsdóttir, Halldór Halldórsson, Magnús Reynir Guðmundsson, Guðjón Arnar Kristjánsson, Guðbrandur Sverrisson og Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Þingforseti gerði hlé 12.20 vegna hádegisverðar. Þinghald hélt áfram kl. 13.00.

2. Kjörbréfanefnd

Formaður kjörbréfanefndar kom upp og gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Öll sveitarfélög skiluðu kjörbréfum og gild kjörbréf eru 43. Mættir eru 35 þingfulltrúar sem hér segir, en borist hafa umboð fyrir alla fjarverandi fulltrúa sem vitað er um.

Sveitarfélag	Aðalfulltrúi	Heildaratkvæðavægi sveitarfélags
Árneshreppur	Oddný S. Þórðardóttir	147 (1,45 %)
Bolungarvíkurkaupstaður	Anna G. Edvardsdóttir Baldur Smári Einarsson Elías Jónatansson (mætti ekki) Gunnar Hallsson Jóhann Hannibalsson Ragna J. Magnúsdóttir Soffía Vagnsdóttir	1.443 (14,28 %)
Baldur Smári Einarsson var með umboð frá Elíasi Jónatanssyni		
Bæjarhreppur	Sigurður Kjartansson	294 (2,91 %)
Ísafjarðarbær	Halldór Halldórsson Svanlaug Guðnadóttir Birna Lárusdóttir Guðný Stefánía Stefánsdóttir Gísli Halldór Halldórsson Sigurður Pétursson Magnús Reynir Guðmundsson Arna Lára Jónsdóttir Jóna Benediktsdóttir	3.968 (39,27 %)
Kaldrananeshreppur	Jenný Jensdóttir Óskar Torfason Sunna Einarsdóttir Haraldur Ingólfsson Guðbrandur Sverrisson	330 (3,27 %)

Reykhólahreppur	Gústaf Jökull Ólafsson Egill Sigurgeirsson Sveinn Ragnarsson	558 (5,52 %)
Strandabyggð	Valdemar Guðmundsson Jón Gísli Jónsson (mætti ekki) Jón Stefánsson (mætti ekki) Már Ólafsson (mætti ekki) Rúna Stína Ásgrímsdóttir (mætti ekki)	980 (9,70 %)
Valdemar Guðmundsson var með umboð frá Jóni Gísla Jónssyni. Jóni Stefánssyni, Má Ólafssyni og Rúnu Stínu Ásgrímsdóttur		
Súðavíkurhreppur	Ómar Már Jónsson Valgeir Rúnar Hauksson	430 (4,26 %)
Tálknafjarðarhreppur	Guðni Ólafsson Birna Benediktsdóttir Bragi G. Gunnarsson	604 (5,98 %)
Vesturbyggð	Arnheiður Jónsdóttir Ari Hafliðason Nanna Á Jónsdóttir Jón B G Jónsson (mætti ekki) Jón Hákon Ágústsson (mætti ekki) Úlfar B. Thoroddsen Þuríður Íngimundardóttir (mætti ekki)	1.352 (13,37 %)
Úlfar B Thoroddsen var með umboð fyrir Jón Hákon Ágústsson. Nanna Á Jónsdóttir var með umboð fyrir Jón B.G. Jónsson og Þuríði Ingimundardóttur.		

3. Afgreiðsla mála frá nefndum

Úlfar B. Thoroddsen formaður allsherjarnefndar hafði framsögu um fyrri hluta þingskjals númer 8¹, mál tekin fyrir af allsherjarnefnd. Einnig kynnti Úlfar þingskjal númer 10 sem er breytingatillaga við þingskjal númer 8, lögð fram af Magnúsi Reyni Guðmundssyni, Sigurði Péturssyni, Örnú Láru Jónsdóttur, Jónu Benediktsdóttur og Birnu Benediktsdóttur.

Þingforseti gaf orðið laust um fyrri hluta þingskjals númer 8 og þingskjal númer 10. Þingforseti óskaði eftir að taka til máls undir þessum lið og tók vara þingforseti við stjórnun þingsins.

¹ Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 9, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

Til máls tóku:

Magnús Reynir Guðmundsson, Guðbrandur Sverrisson, Valdimar Guðmundsson Ómar Már Jónsson, Gísli Halldór Halldórsson, Gunnar Hallsson, Guðbrandur Sverrisson, Gústaf Jökull Ólafsson, Jóna Benediktsdóttir, Óskar Torfason og Ari Hafliðason

Þingforseti tók að nýju við stjórn þingsins. Þingforseti lagði fram þingskjal 10² til samþykktar. Já sögðu 10, nei sögðu 15. Tillagan var því felld.

Þingforseti lagði fram til samþykktar breytingartillögu frá Guðbrandi Sverrissyni við aðra málsgrein í landsbúnaðarhluta þingskjals 8³. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti lagði fram til samþykktar tillögu um orðalagsbreytingu í síðustu málsgrein landbúnaðarhluta þingskjals númer 8⁴. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti lagði fram fyrri hluta þingskjals 8 til samþykktar í heild. Samþykkt samhljóða.

Svanlaug Guðnadóttir, formaður fjórðungsmálanefndar hafði framsögu um síðari hluta þingskjals númer 8⁵, mál tekin fyrir af fjórðungsmálanefnd.

Þingforseti gaf orðið laust um seinni hluta þingskjals númer 8⁶. Til máls tóku: Soffía Vagnsdóttir, Ómar Már Jónsson og Birna Lárusdóttir

Birna Lárusdóttir leggur til að fyrri ályktun verði tekin aftur til umræðu og leggur til breytingartillögu við fyrstu málsgrein kaflans um Evrópusamstarf, um að farið verði fram á framlög ríkisins til þess verkefnis.

Þingforseti óskar eftir að fyrri ályktun verði tekin aftur til umræðu. 20 samþykktu, enginn á móti.

Til máls tóku:

Úlfar B. Thoroddsen, Soffía Vagnsdóttir og Jóna Benediktsdóttir

Þingforseti bar upp breytingatillögu Birnu Lárusdóttur til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

Seinni hluti þingskjals 8⁷ var þá tekin aftur til umræðu. Til máls tóku: Soffía Vagnsdóttir.

² Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 11, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

³ Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 9, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

⁴ Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 9, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

⁵ Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 9, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

⁶ Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 9, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

⁷ Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 9, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

Þingforseti bar upp til samþykktar breytingatillögu vegna þriðja liðar í þingskjali 8 undir orkumálum. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar upp til samþykktar seinni hluta þingskjals 8⁸. Samþykkt samhljóða.

Ómar Már Jónsson kynnti störf fjármálanefndar. Fjármálanefnd gerir ekki athugasemdir við ársreikning. Þingskjal númer 9⁹, áður þingskjal númer 3 lagt fram til samþykktar.

Þingforseti gaf orðið laust til umræðu um þingskjal númer 9¹⁰. Til máls tóku: Soffía Vagnsdóttir, Úlfar B. Thoroddsen, Magnús Reynir Guðmundsson.

Þingforseti óskar eftir að bera þingskjal 9¹¹ upp í einu lagi til samþykktar.

Úlfar B. Thoroddsen gerir athugasemd við þá málsmeðferð þingforseta. Magnús Reynir Guðmundsson tekur undir athugasemdir Úlfars.

Þingforseti ber þingskjal númer 9¹² upp til samþykktar í þrennu lagi:

- Ársreikningur fyrir árið 2008. Samþykktur samhljóða
- Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Samþykkt samhljóða
- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Samþykkt samhljóða.

4. Þingslit

Þingforseti greindi frá því að enginn hefði óskað eftir að bera fram önnur mál og gaf hann því Önnu Guðrúnu Edvardsdóttur formanni Fjórðungssambands Vestfirðinga orðið til að slíta þingi. Formaður las upp kveðjur og árnaðaróskir sem borist höfðu frá fyrrverandi framkvæmdastjórum og formönnum stjórna. Hún þakkaði þingfulltrúum fyrir góða vinnu og fyrirlesurum fyrir góð erindi.

Þingi slitið kl. 14.55.

Þingritarar; Jóna Benediktsdóttir, Oddný S. Þórðardóttir, Egill Sigurgeirsson.

⁸ Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 9, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

⁹ Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 10, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

¹⁰ Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 10, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

¹¹ Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 10, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

¹² Leiðrétting; á að vera þingskjal nr 10, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður þingskjal nr 8.

DAGSKRÁ

Föstudagur 4. september

Kl.

- 10.00 Afhending gagna.
10:30 Þingsetning.
Kosning þingforseta og ritara.
Kosning kjörbréfanefndar og afgreiðsla kjörbréfa.
10.45 Skýrsla stjórnar.
Ársreikningur 2008
Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009
Fjárhagsáætlun 2010
11.30 Kosning þingnefnda
Mál lögð fram, fyrri umræða
a. Mál lögð fram af stjórn sambandsins
b. Mál lögð fram af þingfulltrúum
12.00 Hádegisverður

Hátíðardagskrá í tilefni 60 ára starfsafmælis Fjórðungssambands Vestfirðinga

- 13.30 Tónlistaratriði
13.40 Ávörp
14.00 Strandsvæðaskipulag á Hjaltlandseyjum
Fyrirlesari; Dr Lorraine Gray, verkefnastjóri, NAFC Marine Centre,
Hjaltlandseyjum

Að móta nýja framtíðarsýn fyrir landssvæði.
Fyrirlesari; Claire M. O'Neill, PhD

15.30 Kaffihlé
16.00 Umræður og fyrirspurnir

16.45 – 18.00 Nefndastörf

19.30 Hátíðarkvöldverður í tilefni 60 ára starfsafmælis.

Laugardagur 5. september.

09:00 Nefndastörf

10:00 Vestfirðir – landshluti í sókn

Sóknaráætlun ríkisstjórnar, Dagur B Eggertsson, borgarfulltrúi. formaður stýrihóps verkefnisins um sóknaráætlun fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífgæða til framtíðar

Sóknaráætlun landshluta, Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV og Þorgeir Pálsson, framkvæmdastjóri, Atvest.

Ferðaþjónusta í sókn, Jón Páll Hreinsson, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða
Menning í sókn Jón Jónsson, Menningarfulltrúi Vestfjarða

11.15 Umræður og fyrirspurnir

12:15 Hádegisverður

13:00 Afgreiðsla mála frá nefndum.

14.00 Önnur mál

14.30 Áætluð þingslit

Áskilinn er réttur til breytinga á dagskrá og tímasetningu ef þörf krefur.

Staðsetning:

- Þinghald verður í Edinborgarhúsinu, Aðalstræti 7, Ísafirði.
- Nefndarstörf að hluta til eða öllu leyti í Háskólasetri Vestfjarða, Suðurgötu 12, Ísafirði.
- Hátíðarkvöldverður er haldin á Veitingarstaðnum Við Pollinn á Hótel Ísafirði.

Annað:

Vakin er athygli á að skýrslur starfshópa og stofnana munu liggja frammi á þinginu og fulltrúar þeirra verða jafnframt á þinginu og kynna efni þeirra á nefndarfundum.

Atkvæðavægi sveitarfélaga á 54. Fjórðungspingi
Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Tekið saman samkvæmt 4. gr. samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga
um atkvæðavægi sveitarfélaga

Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. desember 2008

<i>Heiti sveitarfélags</i>	<i>Fjöldi íbúa</i>	<i>Vogtala</i>	<i>Fjöldi atkvæða</i>	<i>Prósenta%</i>
Reykholahreppur	279	2,0	558	5,52%
Vesturbyggð	901	1,5	1.352	13,37%
Tálknafjarðarhreppur	302	2,0	604	5,98%
Bolungarvíkurkaupstaður	962	1,5	1.443	14,28%
Ísafjarðarbær	3.968	1,0	3.968	39,27%
Súðavíkurhreppur	215	2,0	430	4,26%
Arneshreppur	49	3,0	147	1,45%
Kaldraneshreppur	110	3,0	330	3,27%
Strandabyggð	490	2,0	980	9,70%
Bæjarhreppur	98	3,0	294	2,91%
Samtals	7.374		10.106	100,00%

Fjöldi sveitarfélaga: 10

Ísafirði 15. júlí 2009

Aðalsteinn Óskarsson
framkvæmdastjóri FV.

54. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA
Haldið á Ísafirði, 4. og 5. september 2009

Þingskjal nr. 3

Rekstur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2008-2010				
	2008	2009		2010
Tekjur:	31.12.2008	Eldri áætlun	Endursk. Áætlun	Áætlun
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	17.443.311	18.500.000	16.000.000	15.000.000
Framlag sveitarfélaganna	8.800.036	10.000.000	10.000.000	10.000.000
Framlag sveitarfélaganna v. Markaðsskrifstofu	6.933.136	6.934.442	6.934.442	5.800.000
Verkefna framlög	0	0	900.000	200.000
Samtals tekjur kr.	33.176.483	35.434.442	33.834.442	31.000.000
Aðrar tekur				
Endurgreiddur útlagður kostnaður	2.129.150	0	250.000	100.000
	2.129.150	0	250.000	100.000
Gjöld:				
Skrifstofa launategdir liðir	12.293.212	16.040.000	14.275.000	14.475.000
Annar skrifstofukostnaður	5.957.852	5.370.000	5.980.000	4.905.000
Samtals laun og skrifstofukostnaður	18.251.064	21.410.000	20.255.000	19.380.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, framlag	5.000.000	6.000.000	5.000.000	4.500.000
Vaxtarsamningur Vestfjarða	1.000.000	0	0	0
Framlag sveitarfélaga til Markaðsskrifstofu	6.934.432	6.934.442	6.934.442	5.800.000
Markaðsmál ferðaþjónustu	1.269.333	1.500.000	1.200.000	1.000.000
Fastanefndir og starfshópar	878.060	1.020.000	400.000	400.000
Stefnumótun í samgöngumálum	306.627	0	0	0
Málþing um stóriðnað á Vestfjörðum	2.208.702	0	0	0
Evrópusamstarf, Open days. Ren Ren, NSPA	987.842	250.000	500.000	500.000
Svæðisskipulag Vestfjarða	1.278.910	250.000	550.000	250.000
Efnahagslegt vægi Vestfjarða	0	300.000	100.000	200.000
Rekstarsamningur Atvest um sérverkefni	0	1.000.000	0	0
Annað	480.000	0	200.000	0
Samtals verkefnakostnaður	20.343.906	17.254.442	14.884.442	12.650.000
Afkoma fyrir fjármagnsgjöld	-3.289.337	-3.230.000	-1.055.000	-930.000
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)				
Afskrift fasteignar/búnaðar	32.286	35.000	35.000	35.000
Vaxtatekjur	0	300.000	40.000	40.000
Vaxtagjöld	1.420.164	5.000	1.486.494	5.000
Alls kr.	-1.452.450	260.000	-1.481.494	0
Samtals gjöld	40.047.420	38.404.442	36.620.936	32.030.000
Afkoma	-4.741.787	-2.970.000	-2.536.494	-930.000
Framlag (kr.) á íbúa	1.204	1.368	1.356	1.356
Fjöldi íbúa 1. desember	7.309	7.309	7.374	7.374

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Ársreikningur 2008

Efnisyfirlit.

Áritun endurskoðenda.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun skoðunarmanna.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6-7
Skýringar.....	8-10

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sambandsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits þess. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ástæður fyrir áritun með fyrirvara


Samkvæmt reikningsskilareglum á lífeyrisskuldbinding að gjaldfærast á þeim tíma sem rétturinn til lífeyris myndast. Lífeyrisskuldbinding sambandsins er aftur á móti gjaldfærð við greiðslu. Útreikningur á áfallinni lífeyrisskuldbindingu í árslok 2006 nam kr. 35,8 milljónum og hefur ekki verið færð í ársreikninginn.

Álit

Að teknu tilliti til framangreinds fyrirvara er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2008 og efnahag þess 31. desember 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ísafirði, 3. apríl 2009

Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum ehf



Guðmundur E. Kjartansson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Fjórðungssambands Vestfirðinga í árslok, rekstri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2008.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur 35.306 þkr, en rekstargjöld kr 38.595 þkr. Rekstarafkoma fyrir fjármagnsliði var því neikvæð er nemur 3.322 þkr en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda er rekstarafkoma neikvæð er nemur 4.742 þkr í árslok 2008. Neikvæð rekstarafkoma á rætur að rekja til synjunar á beiðni sambandsins um framlag til staðarvalsverkefnis og niðurfærslu eigna í verðbréfasjóðum.

Heildareign Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2008 nemur 18.385 þkr, en skuldir og skuldbindingar 1.160 þkr. Eigið fé sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi nam á sama tíma 17.225 þkr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Ísafirði, 3. apríl 2009

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Anna G. Edvardsdóttir

Anna Guðrún Edvardsdóttir, formaður

Birna Lárusdóttir

Birna Lárusdóttir

Arni Hafliðason

Arni Hafliðason

Sigurður Pétursson

Sigurður Pétursson

Valdemar Guðmundsson

Valdemar Guðmundsson

Framkvæmdastjóri

Aðalsteinn Óskarsson

Aðalsteinn Óskarsson

Fjórðungssamband Vestfirðinga
Árnagötu 2-4
400 Ísafirði

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga Fjórðungssambands Vestfirðinga höfum yfirfarið bókhald sambandsins og í því sambandi gert samanburð á ársreikningi og fylgiskjölum. Helstu niðurstöður okkar eru eftirfarandi:


Góð regla er á bókhaldi sambandsins. Fullnægjandi fylgiskjöl eru til staðar fyrir gjalda- og tekjufærslum.


Eitt aðal verkefni félagsins hefur undanfarin tvö ár hafa verið athuganir á staðháttum í Arnarfirði og Dýrafirði m.a. vegna óska félagsins *Íslensks hátækniíðaðar* um staðarvalsathugun fyrir olíuhreinsunarstöð. Bókfærð útgjöld vegna þessa verkefnis árið 2008 eru um 2.7 miljónir. Fimm miljónir fengust vegna þessa verkefnis á fjárlögum sem greitt var sambandinu í ársbyrjun 2008. Upplýst er að bréf hafi borist 29. maí s.l. þar sem framhaldsfjárveitingum er synjað, sem sambandið taldi sig hafa loforð um að fengjust. Vonir standa þó til að þær niðurstöður sem þegar eru fengnar geti nýst til annarra atvinnuskapandi verkefna, verði ekki af byggingu olíuhreinsunarstöðvar.

Fjórðungssambandið hefur keypt talsvert af sérfræðiþjónustu vegna þessa og annarra verkefna. Undirritaðir gerðu s.l. ár þá athugasemd að reikningar fyrir ýmsa þjónustu væru ófullnægjandi þ.e. ekki er gerð grein fyrir hvað er verið að vinna og tímaskráningar með dagsetningum skorti. Þetta er enn viðloðandi árið 2008 fyrir utan að verðlagning sérfræðiþjónustu er að okkar mati með þeim hætti að hún hlýtur að teljast íþyngjandi fyrir allan eðlilegan rekstur. Við hvetjum því til þess að framvegis verði leitað tilboða í þjónustu í þágu sambandsins með það fyrir augum að knýja fram lækkanir. Þess ber þó að geta að Teiknistofan Eik á Ísafirði sker sig úr með hófstilltri verðlagningu á vinnu og gerir skilmerkilega grein fyrir hvað er verið að vinna, af hverjum og hvenær.

Við leggjum til að reikningar Fjórðungssambandsins verði samþykktir eins og þeir liggja fyrir.

Ísafirði 18. ágúst 2009


Guðmundur Steinar Björgmundsson


Olafur Bjarni Halldórsson

Rekstrarreikningur ársins 2008

Rekstrartekjur	2008	Áætlun
Framlög og tekjur	33.176.483	38.026.442
Aðrar tekjur	<u>2.129.150</u>	<u>0</u>
	<u>35.305.633</u>	<u>38.026.442</u>
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	12.293.212	11.900.000
Annar skrifstofukostnaður	6.568.130	6.470.000
Kostnaður vegna sérverkefna	<u>19.733.628</u>	<u>20.434.442</u>
	<u>38.594.970</u>	<u>38.804.442</u>
Rekstrarafkoma (neikvæð) fyrir afskriftir	(3.289.337)	(778.000)
Afskriftir fastafjármuna	<u>(32.286)</u>	<u>(35.000)</u>
Rekstrarafkoma (neikv) fyrir fjármtekjur og (fjármgjöld)	(3.321.623)	(813.000)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	<u>(1.420.164)</u>	<u>295.000</u>
Rekstrarafkoma (neikvæð)	<u><u>(4.741.787)</u></u>	<u><u>(518.000)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	31.12.2008	31.12.2007
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrafjármunir		
Eignarhl. í búnaði Þróunarseturs	290.576	322.862
	290.576	322.862
Áhættufjármunir og langtímakröfur		
Hlutfé í Atvinnuþróunarfélagi (nv. 3.000.000)	4.000.000	4.000.000
Stofnfé, Háskólasetur	150.000	150.000
Stofnfé, Starfsendurhæfing Vestfjarða	100.000	0
Stofnfé, Markaðstofu Vestfjarða	230.667	0
Stofnfé, Fræðslumiðstöð Vestfjarða	50.000	50.000
	4.530.667	4.200.000
Fastafjármunir	4.821.243	4.522.862
 Veltufjármunir		
Skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur	2.865.949	10.306.440
	2.865.949	10.306.440
Handbært fé		
Hlaupareikningur	1.370.721	468.719
Sjóðsbréf	8.651.914	13.361.689
Bankabækur	674.911	1.088.312
	10.697.546	14.918.720
Veltufjármunir	13.563.495	25.225.160
Eignir	18.384.738	29.748.022

31. desember 2008

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

Oráðstafað eigið fé 1/1	21.967.057	26.903.854
Rekstrarafkoma	(4.741.787)	(4.936.797)
Eigið fé	<u>17.225.270</u>	<u>21.967.057</u>

Skuldir:

Ogreiddur kostnaður	277.548	7.385.515
Ogreidd laun og launatengd gjöld	881.920	395.450
Skuldir	<u>1.159.468</u>	<u>7.780.965</u>

Skuldir og eigið fé	<u>18.384.738</u>	<u>29.748.022</u>
----------------------------	-------------------	-------------------

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

2. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Innréttingar og áhöld	Samtals
Bókfært verð 1.1.....	322.862	322.862
Afskrifað á árinu	(32.286)	(32.286)
Bókfært verð 31.12.	<u>290.576</u>	<u>290.576</u>
Afskriftarhlutföll	10%	

Eignarhlutar í félögum

	Nafnverð	Bókfært verð
3. Eignarhlutar í félögum:		
Háskólasetur Vestfjarða, stofnfé.....	150.000	150.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða.....	50.000	50.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.....	3.000.000	4.000.000
Markaðstofa Vestfjarða.....	230.667	230.667
Starfsendurhæfing Vestfjarðar.....	100.000	100.000
		<u>4.530.667</u>

Skammtímakröfur

4. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði

Eigið fé

5. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári	21.967.057	21.967.057
Rekstrarafkoma(neikvæð).....	(4.741.787)	(4.741.787)
	<u>17.225.270</u>	<u>17.225.270</u>

Skýringar

Önnur mál

6. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	<u>2008</u>	<u>2007</u>
Laun	8.087.247	2.026.469
Launatengd gjöld	<u>1.243.862</u>	<u>345.150</u>
	9.331.109	2.371.619
Meðalfjöldi starfa	1,5	0,5

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	<u>2008</u>	<u>2007</u>
Vaxtatekjur	230.443	2.292.535
Vaxtagjöld	<u>(1.650.607)</u>	<u>(5.846)</u>
	(1.420.164)	2.286.689

Vaxtagjöld skýrast af lækkun á gengi sjóðs 1 í Glími.

Upphaflegur höfuðstóll í sjóði 1 nam kr. 7.627.098 en staða í árslok 2008 var kr. 8.651.914.

Sundurliðanir

	2008	Áætlun
Framlög		
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitafélaga	17.443.311	17.292.000
Framlag sveitarfélaga	8.800.036	8.800.000
Framlag sveitarfélaga til Markaðsstofu	6.933.136	6.934.442
Framlag frá lönadarráðneyti vegna staðarvalsathugunar	0	5.000.000
	<u>33.176.483</u>	<u>38.026.442</u>
Aðrar tekjur		
Ýmsar tekjur	48.145	0
Endurg. útlagður kostnaður	2.081.005	0
	<u>2.129.150</u>	<u>0</u>
Laun og launatengd gjöld		
Nefndarlaun og launatengd gjöld	244.348	0
Vinnulaun	7.842.899	9.000.000
Tryggingagjald	494.880	0
Lífeyrissjóður	748.982	0
Bifreiðastyrkir og aksturskostnaður	384.243	550.000
Dagpeningar	104.240	570.000
Lífeyrisskuldbindingar	2.962.103	2.900.000
Bifreiðakostnaður og dagpeningar mf. á stjórnar- og nefndakostnað	(488.483)	(1.120.000)
	<u>12.293.212</u>	<u>11.900.000</u>
Annar skrifstofukostnaður		
Rekstrasamningur við Atvest.	826.544	840.000
Húsaleiga og annar húsnæðiskostnaður	851.034	720.000
Rekstur og viðhald skrifst.véla og tækja	140.739	400.000
Sími og burðargjöld	147.795	370.000
Pappír, prentun og ritföng	178.968	350.000
Endurskoðun, reikningsskil og lögfr.	651.520	400.000
Rekstur Þróunarseturs, ritara og fl.	679.681	840.000
Funda- ferða- og stjórnarkostnaður o.fl.	1.183.863	970.000
Fjórðungsþing og málþing	788.793	800.000
Samstarf landshlutasamtaka	227.115	180.000
Auglýsingar	43.700	50.000
Tryggingar	70.167	150.000
Ymis aðkeypt þjónusta og annar kostnaður	778.211	400.000
	<u>6.568.130</u>	<u>6.470.000</u>
Kostnaður vegna sérverkefna		
Fundir og ferðir v.nefndarstarfa	267.782	500.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, framlag	5.000.000	5.000.000
Vaxtarsamningur Vestfjarða	1.000.000	1.000.000
Framlag sveitarfélaga til markaðsstofu	6.934.432	6.934.442
Markaðsmál ferðahjónustu	1.269.333	1.500.000
Starfshópar samkvæmt samþykki Fjórðungssambandsþings	306.627	1.250.000
Svæðisskipulag Vestfjarða	1.278.910	900.000
Evrópuverkefni	987.842	850.000
Staðarvalsathugun, málþing	2.688.702	2.500.000
	<u>19.733.628</u>	<u>20.434.442</u>

Skýrsla framkvæmdastjóra

Þingforseti, góðir þingfulltúrar, ráðherra, þingmenn og gestir.

Frá því að við hittumst á Reykhólum á síðasta ári hefur margt gerst í starfi Fjórðungssambands Vestfirðinga og verður staða helstu verkefna sambandsins á þessu starfsári nú rakin.

Stefnumótun FV

Stjórn Fjórðungssambandsins hélt vinnufund í Heydal, Mjóafirði í lok október 2008. Þar var farið yfir ýmis málefni Fjórðungssambandsins, auk þess sem skerpt var á stefnu sambandsins og vinnulagi. Á svipuðum tíma hófu stjórnvöld skoðun á starfsemi landshlutasamtakanna. Stofnaður var starfshópur á vegum samgönguráðuneytis um endurskoðun á starfsemi landshlutasamtakanna í desember. Í kjölfar þessa var ákveðið að hinkra með frekari stefnumótunarvinnu og breytingar á samþykktum og lögum Fjórðungssambandsins þar til niðurstaða starfshóps landshlutasamtakanna lægi fyrir. Sú vinna sem fram fór á vinnufundi stjórnarinnar í október reynst hinsvegar notadrjúg í svörum Fjórðungssambandsins við fyrirspurnum starfshópsins. Starfshópurinn fundaði í tvígang með landshlutasamtökunum og á seinni fundinum í júní s.l. óskaði starfshópurinn eftir viðbrögðum við afgerandi tillögum sem myndu leiða til aukinnar starfsemi landshlutasamtakanna. Í skýrslu starfshópsins sem kynnt var samgönguráðherra í síðustu viku er fjallað á jákvæðan hátt um starfsemi landshlutasamtakanna og hlutverk þeirra í stjórnkerfinu. Það veldur hinsvegar ákveðnum vonbrigðum, að mínu mati, að tillögurnar eru ekki settar fram með ákveðinni niðurstöðu. Hvetja verður samgönguráðherra að flýta úrvinnslu þessara tillagna þannig að landshlutasamtök sveitarfélaga hafi traustan grundvöll til að byggja á.

Evrópumál

Evrópumálin hafa verið óvenju áberandi í starfi Fjórðungssambandsins þetta starfsárið, en sambandið í samstarfi við Vaxtarsamning- og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, tók þátt ásamt SSNV og SSV, sem og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, í Opnum dögum í Brussel í október á síðasta ári. Opnir dagar hafa tvönnan tilgang, annarsvegar sýning og kynning héraða og sveitarfélaga og hinsvegar málstofur um hin aðskiljanlegustu málefni sveitarfélaga. Með samstarfi landshlutasamtakanna í NV kjördæmi og Sambands íslenskra sveitarfélaga var Ísland var í fyrsta skipti beinn þátttakandi í sýningunni Investors Café og einnig stóðu þessir aðilar að málstofu ásamt NSPA (Northern Sparsely Populated Areas). En NSPA, er samstarfi héraða á Íslandi og nyrstu hlutum Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Í tengslum við þessa Opna daga er skylt að standa fyrir heimaviðburði til að kynna efni þeirra. Ákveðið var að sameina þennan viðburð við Byggðaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgarnesi 20. Febrúar 2009. Við undirbúning Opinna daga var talið að ná mætti verulegum árangri í kynningu NV kjördæmis. Gráglettni örlaganna var að tímasetningu bar upp á sama dag og íslenska efnahagsundrið hrundi. Hinsvegar náði Ísland og bás NV kjördæmi, athygli framkvæmdastjóra og oddvita héraðanefndar Evrópusambandsins.

Á þessum vettvangi Opinna daga í Brussel gefst tækifæri til að kynna sér samevrópsk verkefni. Rætt var síðasta haust við fulltrúa frá RenRen (Renewable Energy Regions Network)

samstarfinu. Markmið samstarfsins er að byggja upp þekkingu innan stjórnkerfis sveitarfélaga og eða héraðsstjórna um sjálfbæra orkuframleiðslu. Áhugi Fjórðungssambandsins beinist að upplýsingum um sjávarorku en á móti eru lagðar fram upplýsingar um jarðhita. Samstarf hér innanlands er með SSV, Orkubúi Vestfjarða og Orkustofnun auk fleiri aðila. Í nóvember samþykkti stjórn að taka þátt í undirbúningi að umsókn til Interreg IV C byggðasjóðs Evrópusambandsins. Stjórn FV staðfesti síðan aðild að þessari umsókn á fundi þann 14. janúar s.l. og jafnframt framlag að fjárhæð allt að EUR 67.856,- til þriggja ára. Um ¾ hluta framlagsins er í formi vinnu að hálfu sambandsins og samstarfsaðila á Íslandi. Vaxtarsamningur Vestfjarða hefur einnig samþykkt fjárstuðning við verkefnið, allt að 2 milljónir króna og samstarfsaðilar munu leggja fram fjármagn vegna fyrirhugaðar heimsóknar til Íslands. Umsókn var send inn í lok janúar, afgreiðsla var að vænta í lok júlí en hefur verið frestað til nóvember 2009.

Byggðaáætlun Vestfjarða

Í mars s.l. kynnti Byggðastofnun drög að Byggðaáætlun 2010-2013, er skemmst frá því að segja að þau drög ullu sveitarstjórnarmönnum miklum vonbrigðum. Fjórðungssambandið lagði fram ítarlega umsögn um áætlunina en jafnframt var það mat stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að fara yrdi í samvinnu við atvest um gerð sérstakrar Byggðaáætlunar fyrir Vestfirði. Var gerð samþykkt um verkefnið á fundi stjórnar þann 3. apríl, hér er í raun framhald þess langhlaups, sem hófst með gerð Byggðaáætlunar Vestfjarða 2002, Vaxtarsamnings Vestfjarða 2005 og Vestfjarðarnefndar 2007. Þegar ný ríkisstjórn kynnti í maí s.l. þá fyrirætlun að farið yrði gerð sóknaráætlunar fyrir Ísland og einstaka landshluta þá má segja að ákvörðun stjórnar FV hafi komið á hárréttum tíma. Nokkur tími hefur farið í að fá fram útfærslu á gerð sóknaráætlunar ríkisstjórnar og en tími hefur verið nýttur til söfnun upplýsinga og hugmyndavinnu. Stjórn FV ákvað einnig að helga hluta Fjórðungssþings til þessa verkefnis og fá jafnframt kynningu á hugmyndum ríkisstjórnar. Efni þingsins á morgun verður því helgaður þessu efni þar sem Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi og formaður stýrihóps verkefnisins um sóknaráætlun fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar, auk þess sem undirritaður ásamt Þorgeiri Pálssyni framkvæmdastjóra atvest kynna undirbúning að sóknaráætlun landshluta.

Stjórn fjórðungssambands Vestfirðinga, sem og fastanefnd Fjórðungssambandsins um samgöngumál, hafa fundað með ýmsum aðilum á starfsárinu vegna hagsmunda svæðisins. Meðal annars fundaði stjórn Fjórðungssambandsins með Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis 22. og 23. september 2008, fundað var með starfshóp um 2. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðhita í mars, fundað var í september 2008 með viðskiptaráðherra um flutningsjöfnun vegna þungaflutninga, með Byggðastofnun í mars s.l. vegna vinnu að byggðaáætlun 2010-2013. Þá hélt stjórn Fjórðungssambandsins fundaröð með sveitarfélögum á Vestfjörðum í maí.

Mörg fleiri verkefni voru á borði Fjórðungssambands Vestfirðinga á þessu starfsári, hér fyrr var nefnd endurskoðun á starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga, send var inn umsögn um sameiningu heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum. Fjórðungssambandið átti stofnaðild að Starfsendurhæfingu Vestfjarða. Fjórðungssambandið kemur að stjórnun Vaxtarsamnings Vestfjarða en framkvæmdastjóri var tilnefndur í framkvæmdaráð Vaxtarsamnings Vestfjarða. Þá fór sambandið yfir tillögur um þjóðvegi í þéttbýli. Þá er ekki úr vegi að nefna að í samstarfi

við atvest er verið að vinna greiningu til að svara spurningunum um hvert efnahagslegt vægi Vestfjarða er og hver sé staða lykilatvinnugreina Vestfjarða. Nú er verið að vinna samantekt á þeim gögnum sem safnað hefur verið undanfarna mánuði og reikna svo kallað vinnslu virði (e. Gross Value Added) fyrir atvinnugreinar svæðisins sem metur framlag greinanna til hagkerfisins. Þessir útreikningar byggja á þeim upplýsingum sem liggja fyrir, þ.e. úr rafrænum gögnum frá Ríkisskattstjóra úr skattframtölum fyrirtækja og lögaðila á Vestfjörðum, auk þess sem gögn voru handunnin úr Ríkisreikningi og fjárlögum Alþingis. Öll gögn miða við tímabilið 2005-2007, en einnig var aflað gagna fyrir Vífil Karlsson hjá SSV vegna rannsóknar hans á þróun búsetuþátta í sveitarfélögum 1980-2005.

Verkefni í vinnslu frá síðustu misserum

Það voru ekki einungis ný verkefni sem unnin voru á árinu. Fylgt var eftir áherslum í samgönguáætlun Vestfjarða, sem samþykkt var á síðasta Fjórðungspingi. Þar vann samgöngunefnd öflugt starf með ályktunum sem sendar voru samgönguyfirvöldum í samvinnu við stjórn Fjórðungssambandsins. Samgöngunefnd og framkvæmdastjóri komu að skipulagningu og tóku virkan þátt í stefnumótunarfundi sem haldin var á vegum Samgönguráðs þann 3. júní s.l., sem lið í undirbúningi að gerð langtímasamgönguáætlunar. Haldinn var fundur með samgönguráðherra þann 5. júní s.l. til að fara yfir áherslur í samgöngu og fjarskiptamálum. Samgönguráðuneytið óskaði eftir nú í ágúst að Fjórðungssamband Vestfirðinga skipaði tvo fulltrúa í starfshóp um vegaframkvæmdir á Dynjandisheiði.

Unnið var áfram í því að ganga eftir loforðum um að ljúka fjármögnun staðarvals á Vestfjörðum fyrir hafnsækin stóriðnað frá á árinu 2007. Fjármagn fékkst ekki af fjárákum 2008 eða fjárlögum 2009 og var í framhaldinu sent nýtt erindi Iðnaðarráðuneyti, því erindi var synjað í maí 2009. Nýtt erindi var þá sent á fjárlaganefnd Alþingis með beiðni um framlag úr fjárákum 2009 eða fjárlögum 2010. Tekið var að nýju upp vinna að uppfærslu upplýsinga um fjárfestingarkosti á Vestfjörðum, í samstarfi við atvest og hafin er fundarröð með sveitarfélögum á Vestfjörðum um framkvæmd þess..

Undirbúningur að gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði með áherslu á haf- og strandsvæðaskipulag hélt einnig áfram á starfsárinu. Haldinn fundur með sveitarfélögum þann 22. október 2008 þar sem skilgreina ætti málaflokka innan skipulagsins, samkvæmt samþykkt 53. Fjórðungsping Vestfirðinga. Niðurstaða fundarins varð hinsvegar að fresta ákvörðun um málaflokka svæðisskipulag fyrir Vestfirði en fela Fjórðungssambandi Vestfirðinga að taka saman áherslur sveitarfélaga eins og þær koma fram í aðalskipulagi þeirra. Bent var á að lögum samkvæmt skulu öll sveitarfélög hafa skilað inn aðalskipulagi fyrir lok árs 2008.

Hugmyndin er að samantekt þessi verði nýtt sem grunnur að mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir samfélag, atvinnulíf og umhverfi. *Kallað verði að saman til nýs fundar um verkefnið þegar þessi vinna liggur fyrir. Fyrir þeim fundi liggi ákvörðun um hvort framhaldsvinna verði á grundvelli / ramma svæðisskipulags eða sett verði saman viljayfirlýsing sem lýsir sameiginlegri stefnu sveitarfélaganna. Fundurinn taldi einnig mikilvægt að unnið verði áfram með vinnu er lúti að lögsögu sveitarfélaga til hafsins, eða strandsvæðaskipulag.*

Vinna að nýju aðalskipulagi sveitarfélaganna á Vestfjörðum er lokið hjá fjórum sveitarfélögum en er ýmist á lokastigi eða verður í vinnslu fram á næsta ár hjá öðrum sveitarfélögum. Því hefur ekki verið mögulegt að ljúka þessu verkefni en þó liggja fyrir upplýsingar sem hægt er að nýta m.a. í hugmyndavinnu við Sóknaráætlun fyrir Vestfirði. Hinsvegar hefur gengið ágætlega með vinnu þess sem getur orðið strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði með tíð og tíma. Í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarðar og Teiknistofuna Eik á Ísafirði hefur verið mótuð hugmynd og drög að verkáætlun um framkvæmd þessa verkefnis. Fyrsti áfangi þess er skráning á nýtingu strandsvæðisins við Vestfirði og hefst söfnun upplýsinga nú á næstu vikum. Hugmynd að þessu verkefni hefur einnig verið kynnt þrem ráðuneytum og Skipulagsstofnun og hlotið góðar undirtektir, en dræm loforð um fjárstuðning, að sinni.

Á starfsárinu hefur framkvæmdastjóri áfram unnið að stefnumörkun og eftirfylgni með aðgerðaráætlunum stjórnvalda. Má þar helst nefna hina svokölluðu Vestfjarðanefnd, nefnd Forsætisráðuneytis um eflingu atvinnulífs á Vestfjörðum. Lögð var sérstök áhersla á eftirfylgni með fjárákaldögum 2008 og eins fjárlögum 2009 og er ekki síst þörf á því nú við undirbúning fjárlaga 2010.

Eins og svo oft áður fór nokkuð mikill tími í að fjalla um flutningskerfi raforku og raforkuframleiðslu á Vestfjörðum. Erindi var sent á nefnd um endurskoðun raforkulaga, stjórn sambandsins ályktaði um raforkuöryggi á Vestfjörðum, auk þess sem áskorun var send á ríkisstjórn um afnám tengigjalds vegna Hvalárvirkjunar. Einnig var nokkuð fjallað um fjarskiptamál, einkum hvað varðar hringtengingu ljósleiðara sem ítrekað var á fundum með samgönguráðherra. Því miður virðist lítil vilji vera hjá fjarskiptafyrirtækjum að koma að þessu máli.

Að síðustu vil ég minnst á menntamál, en á starfsárinu kom út skýrsla starfshóps um háskólastarfsemi á Vestfjörðum. Lítil áhugi virðist vera á eftirfylgni með skýrslunni á vegum Menntamálaráðuneytisins, einkum nú við núverandi efnahagsaðstæður, og því þess mun mikilvægara að því sé haldið á lofti að áfram verði unnið að því að styrkja og efla þann vaxtarsprotu sem við eigum í Háskólasetri Vestfjarða, sem og því jákvæða skrefi sem Háskóli Íslands hefur stigið með stofnun Rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Bolungarvík sem opnað var formlega nú í vor. Einnig er ánægjulegt að fylgjast með framgangi Þróunarsetrana á Hólmavík og Patreksfirði. Þá er ekki úr vegi að nefna mikilvægi þess að halda áfram með uppbyggingu á sviði menntunar í sjávarútvegi, bæði á framhaldsskólastigi og í starfsmennt.

Ágætu þingfulltrúar, ég vill að lokum þakka stjórn sambandsins og sveitarstjórnarmönnum samstarfið á liðnu ári. Ég vill einnig þakka starfsmönnum samstarfsaðila Fjórðungssambandsins fyrir ánægjulegt samstarf og hlakka til áframhaldandi samstarfs á næsta starfsári.

**Skýrsla stjórnar, Anna Guðrún Edvardsdóttir, formaður
Þingforseti, ráðherrar, þingmenn, þingfulltrúar og aðrir gestir**

Ég vil í upphafi bjóða alla velkomna á þetta 54. Fjórðungsping Vestfirðinga sem haldið er hér á Ísafirði. Um þessar mundir eru 60 ár liðin síðan sambandið var formlega stofnað en stofnfundur var haldinn þann 8. nóvember árið 1949 á Ísafirði. Þar samþykktu vestfirskir sveitastjórnarmenn að stofna samband sem hefði það að markmiði að vinna að hagsmunamálum fjórðungsins í heild, efla samvinnu sveitarfélaga og vinna að verkefnum til styrkingar byggðar og mannlífs. Þessi markmið eru enn í fullu gildi og í þeim endurspeglast öll starfsemi Fjórðungssambandsins.

Núverandi stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skipa: Anna Guðrún Edvardsdóttir, formaður, Birna Lárusdóttir, varaformaður, Sigurður Pétursson, Valdimar Guðmundsson og Ari Hafliðason og framkvæmdarstjóri er sem fyrr Aðalsteinn Óskarsson.

Stjórnin hélt 11 fundi á starfsárinu, flesta á Ísafirði en einnig voru haldnir fundir annars staðar í fjórðungnum. Í maímánuði fór stjórnin í fundarferð um fjórðunginn og hiti sveitastjórnarmenn. Á þeim fundum fór stjórnin yfir verkefni sem eru/voru í vinnslu og fræddist um stöðu og horfur í málefnum sveitarfélaganna. Allir voru sammála um ágæti fundanna og eftir sitja bæði stjórn og aðrir sveitastjórnarmenn upplýstari en áður. Stjórnin sat fund með þingmönnum kjördæmisins síðastliðið haust þar sem farið var yfir þau mál sem í vinnslu voru. Auk þess hafa formaður og framkvæmdarstjóri setið fundi með ráðherrum, landshlutasamtökum sveitarfélaga og á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Formaður Fjórðungssambandsins situr í starfshópi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um gerð byggðaáætlunar fyrir Sambandið og tveir nefndarmenn Samgöngunefndar Fjórðungssambandsins, þau Sigurður Pétursson og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir voru nýlega skipuð í starfshóp sem skoða á alla kosti er varðar vegalagningu yfir Dynjandisheiði.

Mörg málefni hafa komið inn á borð Fjórðungssambandsins, annað hvort mál sem samþykkt voru á síðasta Fjórðungspingi eða mál sem stjórnin hefur tekið upp og hafið vinnu við. Þær ályktanir sem samþykktar voru á síðasta fjórðungspingi varðandi atvinnumál, byggðaþróun, samgöngumál og annað voru sendar viðkomandi ráðuneytum og stofnunum eftir því sem við átti hverju sinni. Þeim var svo fylgt eftir með ítrekunum og fundum með ráðamönnum.

Litið um öxl

Það er við hæfi á tímamótum sem þessum að staldra við og horfa yfir farinn veg. Því skulum við grípa niður í þær ályktanir sem samþykktar voru á fyrsta fjórðungspinginu fyrir 60 árum. Á því þingi ályktuðu þingfulltrúar um vegamál, landhelgismál, raforkumál, verslunar- og viðskiptamál, menntamál, símamál og stjórnarskrármál.

Í vegamálum skoruðu þingfulltrúar á Alþingi og vegamálastjórn að leggja aukna áherslu á að koma byggðarlögum á Vestfirðum, sem enn skortir vegi, vegasamband bæði innbyrðis og við aðalþjóðvegakerfi landsins. Í ályktun um landhelgismál var skorað á Alþingi og ríkisstjórn að beita sér að alefli fyrir stórfelldri stækkun landhelginnar svo fljótt sem kostur er.

Raforkumál voru þingfulltrúum hugleikin og í ályktun í þeim málaflokki var skorað á raforkumálastjórn að hún láti, þegar á næsta ári, rannsaka til hlítar möguleika fyrir vatnsvirkjunum á Vestfjörðum því orkuþörf fari stöðugt vaxandi og þörf skjótra aðgerða í þeim málum.

Í verslunar- og viðskiptamálum var samþykkt ályktun í fjórum liðum. Þar lýstu þingfulltrúar m.a. yfir óánægju sinni yfir því fyrirkomulagi að meginþorra þeirra nauðsynjavara sem fluttar væru til landsins væri umskipað í Reykjavík og lögðu til að gerðir yrðu samningar við skipafélögin um að þau höguðu ferðum sínum á þann hátt að komist yrði hjá uppskipun í Reykjavík.

Hvað menntamálin áhrærir þá skoraði Fjórðungsþingið á þingmenn Vestfirðinga að beita sér fyrir lagasetningu um stofnum sjómannaskóla Vestfirðinga á Ísafirði og það var skoðun þingfulltrúa að menntaskóla ætti að byggja í öllum landsfjórðungum til þess að jöfnuður verði sem best má verða fyrir ungt fólk til langskólanáms.

Einnig skoraði þingið á Póst- og símamálastofnun að láta þegar, á næsta ári, fara fram gagngera endurbót á langlínunum um Vestfirði, svo sem með því að leggja jarðstreng yfir heiðar og fjölga langlínunum.

Að lokum lýsti þingheimur þeirri skoðun sinni að það væri til vansæmdar fyrir bæði Alþingi og þjóð að ekki hafi enn verið samin fullkomin stjórnarskrá fyrir íslenska lýðveldið. Samþykkti þingið að kjósa þriggja manna millipinganefnd sem hefði það hlutverk að móta tillögur til grundvallar nýrra stjórnskipunarlaganna sem yrði lagt fyrir næsta Fjórðungsþing til afgreiðslu. Til gamans má geta þess að í fundargerð þessa fyrsta Fjórðungsþings kemur fram að í upphaflegu tillögunni um endurskoðun stjórnarskrárinnar er kafli er fjallar um að boða skuli til sérstaks stjórnlagabings sem hafi það hlutverk að endurskoða stjórnarskrá hins fimm ára gamla lýðveldis. Ekki náðist samstaða um þennan kafla í tillögunni og var hann felldur út.

Ástæða þess að ég geri þessum ályktunum fyrsta Fjórðungsþings skil hér er sú að við lestur þeirra veltir maður því fyrir sér hvað áunnist hefur á þessum sextíu árum. Ekki er hægt að segja að enginn árangur hafi náðst því líf skjör okkar hafa batnað til muna frá því sem áður var. Rauði þráðurinn í þessu ályktunum og þeim sem sambandið hefur samþykkt allar götur síðan er enn sá sami, að tryggja að íbúar á Vestfjörðum búi við sama jöfnuð og aðrir þegnar þessa lands á öllum sviðum mannlífsins. Fyrir sextíu árum var það ekki svo og þess vegna ákváðu sveitastjórnarmenn á Vestfjörðum að stofna til sérstaks sambands til þess að berjast fyrir og gæta hagsmuna svæðisins og tryggja jöfnuð. Í dag er það heldur ekki svo og þess vegna telja vestfirskir sveitastjórnarmenn Fjórðungssambandið mikilvægur vettvangur í hagsmunagæslu fyrir fjórðunginn. Þeim markmiðum sem sett voru fram í upphafi hefur ekki verið náð og því heldur baráttan áfram.

Horft fram á veginn

Í dag starfar Fjórðungssambandið í allt öðru umhverfi en var við lýði fyrir ári síðan. Hin efnahagslega kreppa sem nú ríkir í heiminum og hefur sérstaklega komið illa niður á Íslandi gerir það að verkum að nú verða menn að fara að hugsa öðruvísi. Sá veruleiki sem landsmenn lifðu og störfuðu í er ekki lengur til staðar. Íslendingar eru ekki lengur þekktir fyrir djörfung og dug í fjármálum heldur hefur orðstír landsins beðið hnekkji og langan tíma getur tekið fyrir landið að öðlast tiltrú meðal þjóða heimsins.

Því verður Fjórðungssambandið, eins og ríkisvaldið, sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar að taka mið af því ástandi sem ríkir og skoða hvaða möguleikar séu í þeirri stöðu sem upp er komin, því oft er það þannig að þegar einar dyr lokast þá opnast aðrar. Það hvarflar ekki að okkur Vestfirðingum að leggja árar í bát og bíða eftir því að eitthvað gerist. Það er ekki okkar stíll, heldur viljum við og ætlum að taka málin í okkar hendur. Dagskrá Fjórðungspingsins í dag ber þess merki. Þema þingsins er framtíð Vestfjarða. Fjallað verður m.a. um hvernig framtíðarsýn er mótuð fyrir ákveðin landssvæði, skipulagi strandsvæða meðal landa sem liggja að hafi er háttað og gerð sóknaráætlunar fyrir Vestfirði. Allt eru þetta málflokkar sem sambandið hefur verið að vinna að. Með þessari áherslu á mótun framtíðarsýnar Vestfjarða vilja Vestfirðingar senda stjórnvöldum skýr skilaboð um það að þeir ætla að vera með í að móta sína framtíð og stýra þeirri þróun.

Það er margt sem bendir til þess að við uppbyggingu á hinu nýja Íslandi sem stjórnvöld hafa boðað verði haft meira samráð við sveitarfélögin og landshlutasamtökin. Stjórnvöld hafa ákveðið að vinna að gerð sóknaráætlunar fyrir Ísland og í þeirri samþykkt er gert ráð fyrir því að hvert og eitt landssvæði vinni sóknaráætlun fyrir sitt svæði. Í þeirri vinnu er einkum horft til landshlutasamtakanna að leiða slíka vinnu, hvert á sínu svæði.

Starfshópur á vegum samgönguráðuneytisins, sem skipaður var til að skoða starfsemi landshlutasamtakanna og eflingu þeirra, skilaði nú á haustdögum skýrslu. Niðurstöður þeirra skýrslu eru þær helstar að efla beri landshlutasamtökin þannig að þau verði einhvers konar „regnhlíf“ fyrir hagsmunaaðila og þungamiðjan í byggðapróun hvert á sínu sviði. Meðal verkefna landshlutasamtakanna væru greining á svæða- og byggðapróun, að hafa með höndum samþættingarhlutverk hvað varðar svæðisskipulag og vinna saman að eflingu alþjóðlegs samstarfs.

Á undanförnum árum hefur Fjórðungssambandið verið að vinna á þeim nótum sem starfshópurinn leggur til. Þau verkefni sem starfshópurinn leggur til að landshlutasamtökin taki að sér, eru verkefni sem sambandið hefur og er að vinna að.

Ágætu þinggestir

Fjórðungssambandið er í mínum huga lykilaðili í hagsmunagæslu og mótun framtíðarstefnu Vestfjarða. Mikilvægt er að sveitastjórnarmenn og sambandið dansi í takt þegar kemur að þeim málum sem varða heildarhagsmuni Vestfjarða. Samvinna, samheldni og traust verður að vera til staðar til þess að vel takist til. Gangi það eftir munum við ná árangri landinu öllu til heilla. Mig langar að lokum að vitna í orð vestfirðingsins Jóns Sigurðssonar frá árinu 1838 en þau eiga vel við, við upphaf þess uppbyggingarstarfs sem bíður okkar allra: „Farsæld þjóðanna er ekki komin undir því, að þær séu mjög fjölmennar eða hafi mjög mikið um sig. Sérhverri þjóð vegnar vel, sem hefir lag á að sjá kosti lands síns og nota þá, eins og þeir eiga að vera notaðir. Löndin eru lík einstökum jörðum, ekkert land hefir alla kosti, og engu er heldur alls varnað. En það ríður á að taka eftir kostunum og nota þá vel, en sjá til, að ókostirnir gjöri sem minnst tjón.“

Ég vil þakka framkvæmdastjóra, stjórn og öllum þeim sem unnið hafa að málefnum Fjórðungssambandsins fyrir samstarfið á liðnu ári. Framkvæmdastjóri tekur nú við og flytur skýrslu framkvæmdastjóra.

54. Fjórðungsping Fjórðungssambands Vestfirðinga er hér með sett og óska ég þingfulltrúum velfarnaðar í störfum sínum á þinginu.

Vestfirðir í sókn

54. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Ísafirði, 4.-5. september 2009 skorar á sveitarfélög og stjórnvöld að taka upp náið samstarf um mótun framtíðarsýnar og sóknaráætlun fyrir Vestfirði.

Allt frá stofnun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir sextíu árum hefur sambandið haldið hagsmunum Vestfirðinga á lofti og ítrekað ályktað um grunnþarfir vestfirskra byggða. Þótt ýmsir stórir áfangar hafi náðst hafa þessar áherslur að mörgu leyti verið hundsáðar af stjórnvöldum, einkum ef litið er til þróunar í öðrum landshlutum. Fjórðungsþing áréttar að enn er svo margt ógert hvað varðar uppbyggingu í grunnþjónustu í fjórðungnum að það stendur framförum á Vestfjörðum fyrir þrifum. Til að snúa vörn í sókn leggur Fjórðungsþing áherslu á eftirfarandi:

Opinber verkefni

- Áframhaldandi starfsemi og fjárveitingar til opinberra stofnanna á Vestfjörðum verði tryggðar. Þingið áréttar að þótt oft sé auðveldast að skera niður það sem fjærst er, þá er slíkt ekki alltaf hagkvæmast til lengdar.
- Samstarfssamningur vestfirskra sveitarfélaga og ríkisins á sviði menningarmála verði framlengdur til tveggja ára með óbreyttri fjárveitingu og óbreyttu starfssvæði. Árangur samningsins verði metinn á fjórða ári samningsins.
- Áframhaldandi rekstur atvinnuþróunarfélaganna verði tryggður og vaxtarsamningar endurnýjaðir.
- Stjórnvöld beiti sér fyrir því að tryggja áframhaldandi fjármagn til verkefna sem lögð voru til í skýrslu Vestfjarðanefndarinnar sem og í verkefni sem sett voru á laggirnar til mótvægis við samdrátt í þorskveiðum.
- Tryggja þarf rekstur og ráðgjöf Fjölmenningsseturs til framtíðar en breyttar þjóðfélagsaðstæður geta valdið því að innflytjendur eigi undir högg að sækja á Íslandi og lendi í hópi þeirra sem minnst mega sín.
- Lagt er til að skattkerfið verði nýtt sem tæki til jöfnunar búsetuskilyrða milli landshluta líkt og gert er víða um heim, t.a.m. í Norður Noregi. Eins mætti veita ívilnanir á afborgunum námslána LÍN.

Sjávarútvegur

- Nauðsynlegt er að skapa sem mesta sátt um íslenskt fiskveiðistjórnunarkerfi. Hraða þarf vinnu við endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfis til að eyða sem fyrst óvissu um framtíðarskipan greinarinnar.
- Tekin verði til endurskoðunar ákvörðun um heildarafla á Íslandsmiðum með það fyrir augum að auka hann. Viðsnúningur efnahags landsins kallar á endurskoðun þessa, en telja verður að svigrúm sé til staðar til aukningar án þess að slíkt komi niður á langtímahagsmunum.
- Fiskveiðistjórnunarkerfið verði endurskoðað með það í huga að það feli í sér sveigjanleika í reglum um meðafla til að bregðast við örum breytingum í lífríki sjávar.
- Lögð verði aukin áhersla á stuðning við þróunar- og nýsköpunarstarf innan sjávarútvegs, t.d. í fiskeldi, kræklingarækt, sjávaltengd ferðaþjónustu og nýjungum í matvælaframleiðslu.
- Reynsla af strandveiðum sumarsins gefur væntingar um að takast megi að nýta þetta nýja kerfi Vestfirðingum til hagsbóta. Meta þarf árangurinn frá sem flestum sjónarhornum, meðal annars í yfirstandandi úttekt Háskólaseturs Vestfjarða, til að hægt sé að ákvarða um framtíð strandveiða.

Menntun og rannsóknir

- Tryggja verður rekstrargrundvöll og núverandi námsframboð Háskólaseturs Vestfjarða til framtíðar ásamt nauðsynlegu fjármagni til frekari uppbyggingar nýrra námsbrauta, til að mynda í meistaranámi.
- Skorað er á stjórnvöld að tryggja áfram fjármögnun til rannsóknastarfs á Vestfirðum.
- Fjárframlög til Menntaskólans á Ísafirði má ekki skerða því brýnt er að eini framhaldsskóli fjórðungsins geti boðið upp á sem fjölbreyttast námsframboð. Framhaldsdeild á Patrekfirði verði fest í sessi til framtíðar og hafinn verði undirbúningur að stofnun framhaldsdeildar á Hólmavík.

Landbúnaður

- Mikilvægt er að standa vörð um sérstöðu vestfirskis landbúnaðar og að vestfirskir framleiðendur fái tækifæri til að njóta kosta svæðisins bæði í markaðssetningu og öðrum rekstri.
- Bent er á að ábyrgð á vörnum gegn útbreiðslu sauðfjárveikisjúkdóma liggur hjá ríkisvaldinu og er það því þeirra að gæta þess að sauðfjárveikivarnargirðingar séu þar sem þarf á að halda og að þær séu teknar niður þar sem ekki er þörf á þeim samkvæmt tilmælum Matvælastofnunar. Vakin er sérstök athygli á því að Vestfirðir eru hreint svæði þegar kemur að sauðfjárjúkdómum og því mikilvægt að hugað sé sérstaklega að því þegar kemur að uppbyggingu varnarsvæða.
- Lagt er til að ábyrgð á refa- og minkaveiðum verði flutt til landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þannig er hægt að samræma greiðslur til veiðimanna, auk þess sem þannig fæst betri yfirsýn yfir stöðu mála á stærri svæðum og þar með hægt efla veiðar þar sem þörf er á hverju sinni. Þá er mikilvægt er að ríkisvaldið komi betur til móts við sveitarfélögin í tengslum við greiðslur vegna eyðingar á ref og mink.

Flutningur málaflokka

- Fjórðungsþing samþykkir að skipa starfshóp um flutning málaflokka, t.a.m. málefni fatlaðra og aldraðra, frá ríki til sveitarfélaga. Þingið felur stjórn Fjórðungssambandsins að óska eftir tilnefningum sveitarfélaga í starfshópinn.

.....

Samgöngur og fjarskipti

- Fjórðungsþing vísar til samþykktar Fjórðungsþings 2008 um stefnumótun í samgöngumálum á Vestfjörðum sem enn er í fullu gildi. Stjórnvöldum ber að leggja þessa stefnumótun til grundvallar við gerð samgönguáætlunar til fjögurra ára, samgönguáætlunar til 12 ára og fjarskiptaáætlunar. Fjórðungsþing áréttar eftirfarandi:
 - Endurbygging Vestfjarðavegar um Barðastrandarsýslu frá Flókalundi í Bjarkalund verði hraðað sem kostur er. Tryggt verði að fjármagn sem ætlað hefur verið í þennan kafla skili sér til framkvæmda, þannig að ekki verði frekari tafir á því að þessi landshluti komist í ásættanlegt vegasamband við aðra hluta landsins.
 - Hafist verði handa við gerð jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar um leið og framkvæmdum lýkur við Óshlíðargöng.
 - Mismunur á flutningskostnaði í landinu er með öllu óviðunandi og skerðir samkeppnishæfni fyrirtækja sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins. Því er nauðsynlegt að tillögur um jöfnun flutningskostnaðar nái nú þegar fram að ganga.

- Tryggja þarf öryggi gagnaflutninga á Vestfjörðum með hringtengingu ljósleiðara og endabúnaði sem svarar kröfum nútímasamfélags.
- Mikilvægt er að allir landsmenn sitji við sama borð þegar póstdreifing er annars vegar.
- Mikilvægt er að rekstur flugvalla í fjórðungnum sé áfram tryggður. Einnig er áréttað að enn hefur ekki verið hafist handa við uppbyggingu samgöngumiðstöðvar í Reykjavík og brýnt að því verði hraðað.

Orkumál

- Lögð er áhersla á að iðnaðarráðherra hraði nútímavæðingu raforkukerfis Vestfirðinga og tekin verði ákvörðun um bestu mögulegu leiðir til uppbyggingar kerfisins. Sérstaklega verði horft til þess möguleika sem stærrí vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum getur falið í sér við lausn þessa verkefnis. Koma þar helst til greina virkjanir á vatnasvæði Ófeigsfjarðarheiðar og á Glámuhálendi. Bendir þingið í þessu sambandi sérstaklega á virkjun Hvalár í Ófeigsfirði.
- Tryggja þarf að þrífösun rafmagns verði komið á til sveita.

Skipulagsmál

- Sveitarfélög á Vestfjörðum óska eftir samstarfi við ríkisvaldið um skipulag strandsvæðis Vestfjarða. Það er mat Fjórðungspings að Vestfirðir séu kjörið svæði til þess að þróa aðferðir og reglur í þessum vaxandi málaflokk, auk þess sem þar má finna sértæka þekkingu og fjölbreyttar rannsóknar á þessu sviðinu.

Evrópusamstarf

- Mikilvægt er fyrir vestfirsk sveitarfélög að eiga hlut í því aukna Evrópusamstarfi sem vænta má að fylgi aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Því er lagt til að Fjórðungssambandið leggi aukna áherslu á þátttöku í samstarfi sveitarfélaga á Evrópska vísu, með sérstaka áherslu á norðlægar slóðir.

.....

54. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 4. og 5. september 2009

Ísafirði

Þingskjal nr. 6

54. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði 4. og 5. september 2009 fagnar þeirri samþykkt Alþingis að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Með þessari samþykkt urðu þau þáttaskil í íslensku þjóðmálalífi að nú gefst almenningi loks kostur að leiða þetta mikla hagsmunamál til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu. 54. Fjórðungsþing Vestfirðinga felur stjórn Fjórðungssambandsins að hefja strax undirbúningsvinnu með það fyrir augum að kortleggja hagsmuni Vestfirðinga og tækifæri, og koma þeim á framfæri við íslensku samninganefndina sem fer til viðræðna við forsvarsmenn Evrópusambandsins.

Greinargerð:

Aðild að Evrópusambandinu getur veitt sveitarfélögum á Vestfjörðum ýmis sóknarfæri. Til að nýta þau sem best þarf að hefja strax undirbúning og búa vestfirsk sveitarfélög undir aukna Evrópusamvinnu. Það skiptir af miklu máli að það takist að skilgreina Ísland á markvissan hátt í byggðastefnu ESB og byggja upp öflugar skipulagsheildir til að nýta sóknarfærin sem best. Í aðildarviðræðum er mikilvægt að hafa hagsmuni landsbyggðarinnar skýrt markaða þar sem fordæmi eru fyrir því að tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna líkt og hér eru á Vestfjörðum. Afar brýnt er að hagsmunir Vestfirðinga séu tryggðir þegar íslenska samninganefndin ræðir við Evrópusambandið, þá skiptir miklu máli að búið sé að undirbúa jarðvegin og inna þá vinnu af hendi sem nauðsynleg er til að viðunandi árangur náist.

Óskast vísað til allsherjarnefndar

Lagt fram af:

Arna Lára Jónsdóttir

Sigurður Pétursson

Gunnar Hallsson

Svanlaug Guðnadóttir

Soffía Vagnsdóttir

Halldór Halldórsson

Jóna Benediktsdóttir

54. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 4. og 5. september 2009

Ísafirði

Þingskjal nr. 7

Ályktun um strandveiðar

54. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Ísafirði 4. og 5. september 2009 fagnar þeirri ákvörðun stjórnvalda að opna fiskveiðistjórnunarkerfið með frjálsum handfæraveiðum við strendur landsins nú í sumar.

Fjórðungsþingið treystir því að áframhald verði á þessum vistvænu veiðum, sem færst hafa aukið líf í hafnir landsins og aukið bjartsýni fólks í sjávarbyggðum.

Óskast vísað til allsherjarnefndar.

- Þessi tillaga komi í stað síðasta málsliðar í tillögum stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga undir „Sjávarútvegur“.

Lagt fram af:

Magnúsi Reyni Guðmundssyni

54. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 4. og 5. september 2009

Ísafirði

Þingskjal nr. 8

Viðbót við kafla um samgöngur og fjarskipti

Skorað er á samgönguyfirvöld að opna á ný möguleika á flugi frá Ísafjarðarflugvelli til Austur-Grænlands. Möguleikar á auknum samskiptum við nágranna sína að vetri eru bundnar því að flugsamgöngur verði tryggðar.

Óskast vísað til fjórðungsmálanefndar.

Lagt fram af:
Sigurði Péturssyni

54. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA

Haldið 4. og 5. september 2009
Ísafirði

Þingskjal nr. 9¹
Áður þingskjal nr. 5

Vestfirðir í sókn

54. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Ísafirði, 4.-5. september 2009 skorar á sveitarfélög og stjórnvöld að taka upp náið samstarf um mótun framtíðarsýnar og sóknaráætlunar fyrir Vestfirði.

Allt frá stofnun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir sextíu árum hefur sambandið haldið hagsmunum Vestfirðinga á lofti og ítrekað ályktað um grunnþarfir vestfirskra byggða. Þótt ýmsir stórir áfangar hafi náðst hafa þessar áherslur að mörgu leyti verið hunsaðar af stjórnvöldum, einkum ef litið er til þróunar í öðrum landshlutum. Fjórðungsþing áréttar að enn er svo margt ógert í uppbyggingu á grunnþjónustu í fjórðungnum að það stendur framförum á Vestfjörðum fyrir þrifum. Til að snúa vörn í sókn leggur Fjórðungsþing áherslu á eftirfarandi:

Opinber verkefni

- Áframhaldandi starfsemi og fjárveitingar til opinberra stofnanna á Vestfjörðum verði tryggðar. Þingið áréttar að þótt oft sé auðveldast að skera niður það sem fjærst er, þá er slíkt ekki alltaf hagkvæmast til lengdar.
- Samstarfssamningur vestfirskra sveitarfélaga og ríkisins á sviði menningarmála verði framlengdur til tveggja ára með óbreyttri fjárveitingu og óbreyttu starfssvæði. Árangur samningsins verði metinn að gildistíma loknum.
- Áframhaldandi rekstur atvinnuþróunarfélaganna verði tryggður og vaxtarsamningar endurnýjaðir.
- Stjórnvöld beiti sér fyrir því að tryggja áframhaldandi fjármagn til verkefna sem lögð voru til í skýrslu Vestfjarðanefndarinnar sem og í verkefni sem sett voru á laggirnar til mótvægis við samdrátt í þorskveiðum.
- Tryggja þarf rekstur og ráðgjöf Fjölmenningsseturs til framtíðar en breyttar þjóðfélagsaðstæður geta valdið því að innflytjendur eigi frekar undir högg að sækja á Íslandi og lendi í hópi þeirra sem minnst mega sín.
- Lagt er til að skattkerfið og ýmsar ívilnanir verði nýttar sem tæki til jöfnunar búsetuskilyrða milli landshluta líkt og gert er víða um heim.

¹ Leiðrétting, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður upphaflegt þingskjal nr 8 og þingskjal 9 því lagt fram á 54. Fjórðungsþingi Vestfirðinga sem þingskjal nr 8.

Sjávarútvegur

- Nauðsynlegt er að skapa sem mesta sátt um íslenskt fiskveiðistjórnunarkerfi. Hraða þarf vinnu við endurskoðun þess til að eyða sem fyrst óvissu um framtíðarskipan kerfisins.
- Ákvörðun um heildarafla á Íslandsmiðum verði endurskoðuð með það fyrir augum að auka hann. Viðsnúningur efnahags landsins kallar á endurskoðun þessa, en sjómenn telja að svigrúm sé til staðar til aukningar án þess að slíkt komi niður á langtímahagsmunum.
- Fiskveiðistjórnunarkerfið verði endurskoðað með það í huga að það feli m.a. í sér sveigjanleika í reglum um meðafla til að bregðast við örum breytingum í lífríki sjávar.
- Lögð verði aukin áhersla á stuðning við þróunar- og nýsköpunarstarf innan sjávarútvegsins, t.d. í fiskeldi, kræklingarækt, sjávar tengdri ferðaþjónustu og nýjungum í matvælaframleiðslu.
- Reynsla af strandveiðum sumarsins gefur miklar væntingar um að takast megi að nýta þetta nýja kerfi Vestfirðingum til hagsbóta. Meta þarf árangurinn frá sem flestum sjónarhornum, m.a. í yfirstandandi úttekt Háskólaþess Vestfjarða, til að hægt sé að ákvarða um framtíðar fyrirkomulag strandveiða.

Menntun og rannsóknir

- Tryggja verður rekstrargrundvöll og núverandi námsframboð Háskólaþess Vestfjarða til framtíðar ásamt nauðsynlegu fjármagni til frekari uppbyggingar nýrra námsbrauta, t.a.m. í meistaranámi. Fjórðungsping Vestfirðinga minnir á markmiðið um sérstakan háskóla á Vestfirðum.
- Skorað er á stjórnvöld að tryggja áfram fjármögnun til rannsóknastarfs á Vestfirðum.
- Fjárframlög til Menntaskólans á Ísafirði má ekki skerða því brýnt er að eini framhaldsskóli fjórðungsins geti boðið upp á sem fjölbreyttast námsframboð. Framhaldsdeild á Patreksfirði verði fest í sessi til framtíðar og hafinn verði undirbúningur að stofnun framhaldsdeildar á Hólmavík.
- Fjórðungsping Vestfirðinga minnir á mikilvægi sí- og endurmenntunar og að staðinn verði vörður um það góða starf sem fram fer í Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Landbúnaður

- Mikilvægt er að standa vörð um sérstöðu vestfirskis landbúnaðar og að vestfirskir framleiðendur fái tækifæri til að njóta kosta svæðisins bæði í markaðssetningu og öðrum rekstri.
- Vakin er sérstök athygli á því að Vestfirðir eru hreint svæði þegar kemur að sauðfjársjúkdómum og því mikilvægt að ríkisvaldið hugi að því sérstaklega við uppbyggingu og viðhaldi varnarsvæða.
- Lagt er til að ábyrgð á refa- og minkaveiðum verði flutt til landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þannig er hægt að samræma skipulag og greiðslur til veiðimanna auk þess sem betri yfirsýn fæst yfir stöðu mála á stærri svæðum. Þá er mikilvægt að ríkisvaldið auki verulegar greiðslur til sveitarfélaga og láti af skattlagningu í formi virðisaukaskatts vegna fækkunar refa og eyðingar minks.

Flutningur málaflokka

- Fjórðungsping samþykkir að skipa starfshóp um flutning málaflokka, t.a.m. málefni fatlaðra og aldraðra, frá ríki til sveitarfélaga. Þingið felur stjórn Fjórðungssambandsins að óska eftir tilnefningum sveitarfélaga í starfshópinn.

Evrópusamstarf

- Ísland hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu og mun Íslendingum gefast kostur á að leiða þetta hagsmunamál til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Fjórðungsping felur stjórn Fjórðungssambandsins að hefja strax undirbúningsvinnu með það fyrir augum að kortleggja hagsmuni Vestfirðinga og tækifæri, og koma þeim á framfæri við íslensku samninganefndina sem fer til viðræðna við Evrópusambandið. Farið verði fram á framlög ríkisins til þessarar vinnu.
- Í aðildarviðræðum er mikilvægt að hafa hagsmuni landsbyggðarinnar skýrt markaða þar sem fordæmi eru fyrir því að tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna líkt og hér eru á Vestfjörðum.
- Mikilvægt er fyrir vestfirsk sveitarfélög að eiga hlut í því aukna Evrópusamstarfi sem vænta má að fylgi aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Því er lagt til að Fjórðungssambandið leggi aukna áherslu á þátttöku í samstarfi sveitarfélaga á evrópska vísu, með sérstaka áherslu á norðlægar slóðir.

Samgöngur og fjarskipti

- Fjórðungsþing vísar til samþykktar Fjórðungsþings 2008 um stefnumótun í samgöngumálum á Vestfjörðum sem enn er í fullu gildi. Stjórnvöldum ber að leggja þessa stefnumótun til grundvallar við gerð samgönguáætlunar til fjögurra ára, samgönguáætlunar til 12 ára og fjarskiptaáætlunar. Fjórðungsþing áréttar eftirfarandi:
 - Endurbygging Vestfjarðavegar um Barðastrandarsýslu frá Flókalundi í Bjarkalund verði hraðað sem kostur er. Tryggt verði að fjármagn sem ætlað hefur verið í þennan kafla skili sér til framkvæmda, þannig að ekki verði frekari tafir á því að þessi landshluti komist í ásættanlegt vegasamband við aðra hluta landsins.
 - Áréttað er mikilvægi þess að tryggt sé fjármagn til reksturs Breiðafjarðarferjunar Baldurs á meðan ekki er viðunandi vegasamband í Barðastrandarsýslu.
 - Hafist verði handa við gerð jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar um leið og framkvæmdum lýkur við Óshlíðargöng.
 - Mismunur á flutningskostnaði í landinu er með öllu óviðunandi og skerðir samkeppnishæfni fyrirtækja sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins. Því er nauðsynlegt að tillögur um jöfnun flutningskostnaðar nái nú þegar fram að ganga.
 - Tryggja þarf öryggi gagnaflutninga á Vestfjörðum með hringtengingu ljósleiðara og endabúnaði sem svarar kröfum nútímasamfélags.
 - Mikilvægt er að allir landsmenn sitji við sama borð þegar póstdreifing er annars vegar.
 - Mikilvægt er að rekstur flugvalla í fjórðungnum sé áfram tryggður, ekki síst í tengslum við sjúkraflug. Þá verði komið á reglulegum flug-samgöngum milli norður- og suðursvæða Vestfjarða yfir vetrartímann.
 - Áréttað skal að enn hefur ekki verið hafist handa við uppbyggingu samgöngumiðstöðvar í Reykjavík og brýnt að því verði hraðað.
 - Skorað er á samgönguyfirvöld að opna á ný möguleika á flugi frá Ísafjarðarflugvelli til Austur-Grænlands, með loftferðasamningi milli Íslands og Grænlands. Möguleikar Vestfirðinga á auknum samskiptum við næstu nágranna okkar í vestri eru bundnar því að flugsamgöngur verði tryggðar.

Orkumál

- Lögð er áhersla á að iðnaðarráðherra hraði nútímavæðingu raforkukerfis Vestfirðinga og tekin verði ákvörðun um bestu mögulegu leiðir til uppbyggingar kerfisins. Sérstaklega verði horft til þess möguleika sem stærri vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum getur falið í sér við lausn þessa verkefnis. Koma þar helst til greina virkjanir á vatnasvæði Ófeigsfjarðarheiðar og á Glámuhálendi. Bendir þingið í þessu sambandi sérstaklega á virkjun Hvalár í Ófeigsfirði.
- Tryggja þarf að þrífðun rafmagns verði komið á til sveita, án þess að óeðlilegur kostnaður lendi á sveitarfélögum eða einstaklingum við framkvæmdina.
- Skorað er á iðnaðarráðherra að endurskoðun á raforkulögum verði flýtt þannig að allir íbúar landsins standi jafnfætis þegar kemur að rafmagnsverði.

Skipulagsmál

- Sveitarfélög á Vestfjörðum óska eftir samstarfi við ríkisvaldið um skipulag strandsvæðis Vestfjarða. Það er mat Fjórðungsþings að Vestfirðir séu kjörið svæði til þess að þróa aðferðir og reglur í þessum mikilvæga málaflokki, auk þess sem þar má finna sértæka þekkingu og fjölbreyttar rannsóknir á þessu sviði.

Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum

- Fjórðungsþing felur stjórn Fjórðungssambandsins að hefja undirbúningsvinnu og athuganir á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaga á Vestfjörðum. Þar verði sérstaklega lögð áhersla á virka þátttöku íbúa á Vestfjörðum og kannaður vilji þeirra til mismunandi sameiningarkosta. Jafnframt felur Fjórðungsþing stjórn Fjórðungssambandsins að óska eftir því að stjórnvöld komi til móts við Fjórðungssambandið vegna kostnaðar við þessa mikilvægu vinnu. Niðurstaða um sameiningarkosti liggi fyrir eigi síðar en vorið 2012.

54. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA
Haldið á Ísafirði, 4. og 5. september 2009

Þingskjal nr. 10 [1]áður þingskjal nr 3

Rekstur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2008-2010				
	2008	2009		2010
Tekjur:	31.12.2008	Eldri áætlun	Endursk. Áætlun	Áætlun
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	17.443.311	18.500.000	16.000.000	15.000.000
Framlag sveitarfélaganna	8.800.036	10.000.000	10.000.000	10.000.000
Framlag sveitarfélaganna v. Markaðsskrifstofu	6.933.136	6.934.442	6.934.442	5.800.000
Verkefna framlög	0	0	900.000	200.000
Samtals tekjur kr.	33.176.483	35.434.442	33.834.442	31.000.000
Aðrar tekur				
Endurgreiddur útlagður kostnaður	2.129.150	0	250.000	100.000
	2.129.150	0	250.000	100.000
Gjöld:				
Skrifstofa launatengdir liðir	12.293.212	16.040.000	14.275.000	14.475.000
Annar skrifstofukostnaður	5.957.852	5.370.000	5.980.000	4.905.000
Samtals laun og skrifstofukostnaður	18.251.064	21.410.000	20.255.000	19.380.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, framlag	5.000.000	6.000.000	5.000.000	4.500.000
Vaxtarsamningur Vestfjarða	1.000.000	0	0	0
Framlag sveitarfélaga til Markaðsskrifstofu	6.934.432	6.934.442	6.934.442	5.800.000
Markaðsmál ferðaþjónustu	1.269.333	1.500.000	1.200.000	1.000.000
Fastanefndir og starfshópar	878.060	1.020.000	400.000	400.000
Stefnumótun í samgöngumálum	306.627	0	0	0
Málþing um stóriðnað á Vestfjörðum	2.208.702	0	0	0
Evrópusamstarf, Open days. Ren Ren, NSPA	987.842	250.000	500.000	500.000
Svæðisskipulag Vestfjarða	1.278.910	250.000	550.000	250.000
Efnahagslegt vægi Vestfjarða	0	300.000	100.000	200.000
Rekstarsamningur Atvest um sérverkefni	0	1.000.000	0	0
Annað	480.000	0	200.000	0
Samtals verkefnakostnaður	20.343.906	17.254.442	14.884.442	12.650.000
Afkoma fyrir fjármagnsgjöld	-3.289.337	-3.230.000	-1.055.000	-930.000
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)				
Afskrift fasteignar/búnaðar	32.286	35.000	35.000	35.000
Vaxtatekjur	0	300.000	40.000	40.000
Vaxtagjöld	1.420.164	5.000	1.486.494	5.000
Alls kr.	-1.452.450	260.000	-1.481.494	0
Samtals gjöld	40.047.420	38.404.442	36.620.936	32.030.000
Afkoma	-4.741.787	-2.970.000	-2.536.494	-930.000
Framlag (kr.) á íbúa	1.204	1.368	1.356	1.356
Fjöldi íbúa 1. desember	7.309	7.309	7.374	7.374

^[1] Leiðrétting, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður upphaflegt þingskjal nr 8 og þingskjal 10 því lagt fram á 54. Fjórðungspingi Vestfirðinga sem þingskjal nr 9.

54. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 4. og 5. september 2009

Ísafirði

Þingskjal nr. 11¹
Áður þingskjal nr. 7

Ályktun um strandveiðar

54. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið á Ísafirði 4. og 5. september 2009 fagnar þeirri ákvörðun stjórnvalda að opna fiskveiðistjórnunarkerfið með frjálsum handfæraveiðum við strendur landsins nú í sumar.

Fjórðungspingið treystir því að áframhald verði á þessum vistvænu veiðum, sem fært hafa aukið líf í hafnir landsins og aukið bjartsýni fólks í sjávarbyggðum.

Þá leggur Fjórðungspingið til að árangur strandveiðanna verði metinn með tilliti til þjóðhagslegra og félagslegra áhrifa og fagnar yfirstandandi úttekt Háskólaþess Vestfirðinga á málinu.

- Þessi tillaga komi í stað síðasta málsliðar í ályktun Fjórðungspings „Vestfirðir í Sókn“ undir „Sjávarútvegur“.

Lagt fram af:

Magnúsi Reyni Guðmundssyni

Sigurði Péturssyni

Örnu Láru Jónsdóttur

Jónu Benediktsdóttur

Birnu Benediktsdóttur

¹¹ Leiðrétting, fyrir mistök í röðun þingskjala féll niður upphaflegt þingskjal nr 8 og þingskjal 11 því lagt fram á 54. Fjórðungspingi Vestfirðinga sem þingskjal nr 10.

Fyrirlestra, hljóðupptaka og skýrslur stofnana á Vestfjörðum er að finna á heimasíðu Fjórðungssambands Vestfirðinga www.fjordungssamband.is sem hér segir;

Fyrirlestrar:

- *Strandsvæðaskipulag á Hjaltlandseyjum* ; Dr Lorraine Gray, verkefnastjóri, NAFC Marine Centre, Hjaltlandseyjum
- *Að móta nýja framtíðarsýn fyrir landssvæði.* Claire M. O'Neill, PhD, La Spezia, Ítalíu
- *Sóknaráætlun ríkisstjórnar*, Dagur B Eggertsson, borgarfulltrúi. formaður stýrihóps verkefnisins um sóknaráætlun fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífgæða til framtíðar
- *Sóknaráætlun landshluta*, Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV og Þorgeir Pálsson, framkvæmdastjóri, Atvest.
- *Ferðaþjónusta í sókn*, Jón Páll Hreinsson, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða
- *Menning í sókn* Jón Jónsson, Menningarfulltrúi Vestfjarða

Skýrslur stofnana og nefnda

- Fjölmeningarsetur
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Háskólaþing Vestfjarða
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Menningarráð Vestfjarða, ársskýrsla
- Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga
- Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra

Hljóðupptökur

Föstudagur 5. september

- Setning, skýrslur, þingmál fyrri umræða..
- Ávörp; Kristján L Möller samgönguráðherra. Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umræður og fyrirspurnir
- Fyrirlestur; Strandsvæðaskipulag á Hjaltlandseyjum
- Fyrirlestur, Að móta nýja framtíðarsýn fyrir landssvæði.
- Umræður og fyrirspurnir

Laugardagur 5. september.

- Vestfirðir – landshluti í sókn
- Afgreiðsla mála frá nefndum, önnur mál, þingslit